

Nd.

72. Frumvarp til laga

[54. mál]

um breyting á lögum nr. 33 12. febr. 1945, um breyting á lögum nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl.

Flm.: Jón Pálmason, Steingrímur Steinþórsson, Jón Sigurðsson,
Skúli Guðmundsson.

1. gr.

Fyrsta efnismálgrein 1. gr. laganna orðast svo:

Læknishéruð, utan bæja með yfir 2000 íbúa, sem reisa sjúkrahús og læknisbústað, skulu njóta styrks úr ríkissjóði til bygginganna, allt að $\frac{2}{3}$ kostnaðar, enda sé staður þeirra og starfssvæði samþykkt af heilbrigðisstjórninni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á tveim síðustu þingum hafa flutningsmenn þessa frumvarps flutt frumvarp um héraðshæli. Hefur það í bæði skiptin verið svæft í nefnd, en þar sem um er að ræða mjög þýðingarnikið og aðkallandi nauðsynjamál, sem ekki getur fallið niður, þá er það nú flutt í þriðja sinn í nokkuð breyttri mynd.

Flutningsmönnum er það ekkert kappsmál, hvort þær stofnanir, sem um er að ræða, heita héraðshæli eða sjúkrahús. Aðalatriðið er, að læknishéruðunum sé gert mögulegt að koma byggingunum upp og starfrækja þær, en það er flestum þeirra um megn með þeim stuðningi, sem nú er í lögum. Að sjálfsögðu gera flutningsmenn ráð fyrir, að heimilt sé að skipta sjúkrahúsbyggingunum í deildir á svipaðan veg og ákveðið var í frumvarpinu um héraðshæli og um leið að taka á móti sjúklingum og farlana fólki, sem misjafnlega stendur á um.

Þar sem sérstök ákvæði eru í lögum um fjórðungssjúkrahús og þar sem yfirleitt er sterkari fjárhagsleg aðstaða í þéttbýli, leggja flutningsmenn til, að breytingin nái aðsins til sjúkrahúsa utan kaupstaða með 2000 íbúa og fleiri, en að sjálfsögðu er það atriði til athugunar við meðferð málsins á Alþingi.

Ætlað er til, að heilbrigðisstjórnin hafi það á valdi sínu að ákveða, hve ört sjúkrahúsinn eru byggð, svo sem verið hefur hingað til. Staðarval og fyrirkomulag bygginganna verður og að vera samþykkt af stjórn heilbrigðismálanna.